

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 105 – 22.09.2008

Mánudaginn 22. september, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Trúnaðarmál.
3. Málefni Versins ehf.
4. Staða bókhalds Skv. 31. júlí og fjárhagsáætlunin 2008.
5. Hitaveitur í Sæmundarhlíð, Hegranes og á Vindheimamelum
6. Gjaldskrármál hitaveitu.
7. Frá Starfshópi um húsnæðismál
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Gunnar Bragi Sveinsson formaður stórnar GS, Snorri Styrkársson stjórnamaður í GS og Karl Jónsson verkefnisstjóri GS komu á fundinn undir þessum lið. Karl lagði fram greinagerð um stöðu og þróun verkefna hjá GS. Rædd var staða og framtíð GS.
2. Sjá trúnaðarbók.
3. Vegna þeirra umræður sem fór fram um málefni Versins á síðasta fundi Skv. leggja Einar Gíslason og Pétur Valdimarsson fram eftirfarandi bókun.
Á stjórnafundi Skagafjarðarveitna þann 26. júní sl. var samþykkt að stjórnarmenn fari hlutfallslega með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf. á aðalfundi Versins vísindagaraða ehf. Til fundarins var boðað með eðlilegum fyrirvara og með formlegri dagskrá. Við undirritaðir sem sóttum fundinn og tókum þátt í stjórnarkjörinu sjáum því enga ástæðu til þess að endurskoða stjórnarkjör í félaginu eins og farið var fram á í bókun Páls Dagbjartssonar á síðasta stjórnafundi Skagafjarðarveitna.
Einar Gíslason
Pétur Valdimarsson
4. Páll Pálsson fór yfir rekstur, farmkvæmdir og stöðu bókhalds fyrstu sjö mánuði ársins miðað við fjárhagsáætlun. Samþykkt að Páll leggi fram endurskoðaða fjárhagsáætlun 2008 fyrir næsta fund.
5. Rætt um væntalegar hitaveituframkvæmdir árið 2009, í Hegranesi, Sæmundarhlíð og á Vindheimmela og nágrenni. Farið yfir nýja kostaðaráætlun sem gerð var af Verkfræðistofunni Stoð og KPMG á Sauðárkróki. Páli falið að vinna áfram að málinu.

6. Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu Skagafjarðarveitna ehf. um 5% frá 1. nóvember 2008.
7. Páll Pálsson gerði grein fyrir fyrsta fundi nefndar um húsnæðismál Skv. – Áhaldahúss og Brunavarna Skagafjarðar.
8. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.25

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.